

Nd.

349. Nefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Viðtækjaverzlun ríkisins er nú rekin samkvæmt heimild í lögum um útvarpsrekstur ríkisins (II. kafli). Þetta er aðeins heimildarákvæði, og á undanförunum árum hefur Viðtækjaverzlunin í rauninni verið að miklu leyti lögð niður, aðeins gerð að innheimtustofnun.

Þegar nú er lagt til að fella þessa heimild burt, þá virðist fyrst og fremst vera um að ræða stefnumál fésýsluvaldsins í landinu: að drepa einkasölur ríkisins, og út frá því verður í rauninni að taka afstöðu í þessu máli. Viðtækjaverzlunin gæti vart lífað í núverandi eymdarmynd, heldur yrði að endurreisa alla starfsemi hennar með nýjum hætti, ef reksturinn ætti ekki að spilla fyrir þeim hugmyndum, sem fyrir okkur vaka, sem fylgjandi erum einkasölum ríkisins.

Afgreiðsla þessa frv. er því fyrst og fremst stefnumál: hvort hagsmunum almennings sé bezt þjónað með því, að fésýsluvaldið leggi undir sig alla verzlun og reki í gróðaskyni, eða hvort ríkið eigi sjálfst að annast mikið af slíkri verzlun með hag almennings fyrir augum.

Það er orðið ljóst af innflutningi hinna mörgu tegunda af hvers konar heimilis-tækjum, bifreiðum og öðru vélakyns, að þjónusta við almenning er yfirleitt mjög slæm í þessum efnum, hvað snertir varahluti, viðgerðir og annað slíkt. Það er þjóðhagslega séð hrein vitleysa að láta vera hér á Íslandi ótal tegundir af þessu öllu saman, þegar hægt væri að veita almenningi miklu öruggari þjónustu með færri tegundum og meiri birgðum af varahlutum og sæmilegri viðgerðaraðstöðu.

Í stað þess að leggja niður þær leifar Viðtækjaverzlunarinnar, sem eftir eru, væri því rétt að efla hana og taka um leið til athugunar, hvort ekki væri rétt að koma á einkasölu ríkisins á fleiri sviðum.

Ég legg því til, að frv. sé afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin telur rétt, að Viðtækjaverzlun ríkisins verði eflad og henni gert kleift að annast innflutning og sölu útvarps- og sjónvarpsviðtækja og að rannsaka beri, á hvaða fleiri sviðum væri heppilegast að koma á einkasölum ríkisins, og í trausti þess, að ríkisstjórnin skipi fimm manna nefnd, fjóra eftir tilnefningu þingflokkanna og einn án tilnefningar, til að endurskoða fyrir næsta þing gildandi löggjöf með fyrrgreind markmið fyrir augum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. marz 1967.

Einar Olgeirsson.